

86. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn á Minjasafninu á Hnjóti  
Þriðjudaginn 17. apríl 2012 kl. 13:00.

**Mættir :** Björgvin Sigurjónsson, Magnús Ólafsson, Guðjón Bjarnason  
eftirlitsaðili með húseignum safnsins og Heiðrún Eva Konráðsdóttir forstöðumaður  
Minjasafnsins.  
Egill Ólafsson stjórnarmaður í MEÓ boðaði forföll en bað fyrir kveðjur á fundinn.

Fundargerð ritar Magnús Ólafsson.

### Dagskrá:

1. Heimasíða safnsins
2. Upplýsingaskilti
3. Kaffitería safnsins
4. Almennur borgarafundur á safninu
5. Önnur mál

Magnús Ólafsson setti fundinn bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega Guðjón Bjarnason eftirlitsaðila með húseignum safnsins og nýjan forstöðumann safnsins, Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur.

### Hér var gengið til dagskrár.

1. Þar sem heimasíða safnsins er orðin gömul, þykir sýnt að skipta verður henni út fyrir nýja. Er forstöðumanni falið að leita tilboða í gerð nýrrar síðu ásamt því að leggja til efnisval á hana.
2. Ætlunin er að setja ný upplýsingaskilti upp í Ósabatni og við safnið á Hnjóti í þá ramma sem fyrir eru. Ljóst er að prenta verður nýja filmu á a.m.k. helming skiltanna vegna væntanlegra nýrra rekstraraðila kaffiteríunnar á staðnum, eða fyrir safnið sjálft vegna sérstakra sýninga.
3. Forstöðumaður safnsins, Heiðrún Eva hefur þegar auglýst eftir rekstraraðilum kaffiteríunnar á Hnjóti í Morgunblaðinu. Auglýsingin er einnig á vefjum sveitarfélagana Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.  
Auglýsingin er svohljóðandi : *Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti, Örlygshöfn auglýsir eftir tilboðum í rekstur kaffiteríu þar komandi sumar.*  
*Ætlunin er að bjóða veitingar úr héraði, s.s. hveitikökur, reyktan fisk og fleira.*  
*Safnið er opið frá kl. 11:00 til 19:00 alla daga frá 3. júní til miðs september.*  
*Allar nánari upplýsingar gefur forstöðumaður safnsins, Heiðrún Eva Konráðsdóttir í síma 868 5868 og á netfangið heidruneva@gmail.com milli kl. 9:00 og 16:00 virka daga.*

*Tilboðum skal skilað fyrir 30 apríl nk. merkt :*

*Minjasafn Egils Ólafssonar  
Aðalstræti 53  
450 Patreksfirði*

*HEK*  
*Björgvin S.*  
*HEK*

4. Ákveðið er að halda opinn borgarafund á safninu laugardaginn 5. maí nk. kl. 14.00, þar sem nýr forstöðumaður kynnrir sig og væntanleg verkefni á safninu.

5. Önnur mál.

- a. Forstöðumaður upplýsti að hún væri búin að leggja drög að auglýsingu vegna ráðningar sumarstarfsfólks að safninu. Auglýsingin sé svohljóðandi :  
*Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti, Örlygshöfn auglýsir eftir sumarstarfsmönnum til starfa á safninu sumarið 2012. Allar nánari upplýsingar gefur forstöðumaður safnsins, Heiðrún Eva Konráðsdóttir í síma 868 5868 og á netfangið heidruneva@gmail.com milli kl. 9:00 og 16:00 virka daga.*  
*Atvinnuumsókn skal skilað fyrir 27. apríl til:*
- Minjasafn Egils Ólafssonar  
Aðalstræti 53  
450 Patreksfirði*
- b. Þjóðminjasafn Íslands hefur falast eftir munum, að láni, frá safninu er tengjast Björgunarafrekinu við Látrabjarg í desember 1947. Forstöðumanni falið að afgreiða málefnið með fulltrúum Þjóðminjasafnsins.
- c. Guðjón Bjarnason leggur til að umhverfi safnsins verði stokkað upp og þrifið. Jafnframt verði hlúð að minnisvarða um þá togara sem fórust í Rauðasandshreppi á síðustu öld.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30

*Ragnús Ólafsson  
Þjóðminjasafn Íslands  
Heiðrún Konráðsdóttir*